

Loftbréf: Söluverð kr. 12.00. Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Blindaprent: Nýtur frigengis innanl. og til útlanda, nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald	kr. 12.00	Talning í verðbréfi innanlands: kr. 20.00 hver sending.
Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póströfuupphæð, fyrirspurn um sendingu	kr. 12.00	Alþjóða-svarmerki: Söluverð kr. 12.00. Skiptiverð í frímerkjum kr. 10.00. Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: kr. 12.00. Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: kr. 10.00.
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er	kr. 20.00	Tollmeðferð böggla: kr. 20.00. Gjald fyrir að búa um böggla á ný: kr. 14.00. Geymslugjald böggla: 9.00 kr. á dag. Hámarksgjald kr. 270.00.
Móttökukvittun	kr. 12.00	Afhending ábyrgðarsendinga með móttöku-kvittun í eigin hendur: Utanlands og innan kr. 8.00. Afhendingargjald smápakka: kr. 10.00.

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -bögglar: Allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að kr. 700.00 fyrir glataða ábyrgðarsendingu.
b. allt að kr. 2000.00 fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafizt innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 og gengur í gildi 1. janúar 1969. Samtímis fellur úr gildi fyrri gjaldskrá um póstburðargjöld frá 13. desember 1965.

Póst- og simamálaráðherra, 31. desember 1968.

Ingólfur Jónsson.

G. Briem.